

**Mál nr. 272/2012****M****og****vátryggingafélagið X v/ frítímaslysátryggingar.****Ágreiningur um rétt til dagpeninga úr frítímaslysátryggingu.****Gögn.**

119. Málskot, móttakið 15.6.2012, ásamt fylgigögnum.

120. Bréf X, dags 21.6.2012, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 31.1.2012 féll M á vinstra hné er hann steig á klaka á leið sinni út úr bifreið. Hann hlaut áverka á hnénu og virðist hafa leitað á slysadeild Landspítalans 13.2.2012 af þeim sökum. Í læknisvottorði frá slysadeildinni segir að við slysið hafi hnéskel skallið í jörðu og eftir það verið með verki við áreynslu en ágætur í hvíld. Hann hafi tekið sér frí núna síðustu daga en þegar hann fór til vinnu 13.2.2012 entist hann ekki nema hálfan daginn. Í vottorðinu kemur fram að M hafi verið vinnufær að fullu (100%) fyrir slysið en ekki er þess getið að slysið hafi haft áhrif á vinnugetu hans. Samkvæmt tveimur vottorðum bæklunarlæknis, dags. 26.3. og 11.4.2012, er M sagður hafa verið óvinnufær með öllu af völdum slyssins frá slysdegi, 31.1.2012 til 15.5.2012.

M hefur krafist greiðslu dagpeninga úr frítímaslysátryggingu sem hann hefur í gildi hjá vátryggingafélaginu X. Við afgreiðslu málsins hjá X upplýstist að M hefur verið metinn til 75% örorku hjá Tryggingastofnun ríkisins og samkvæmt gögnum málsins verið á örorkulífeyri frá janúar 2011, en matið mun gilda til ágústloka 2013. X hefur hafnað kröfu M um greiðslu dagpeninga með vísan til gr. 3.2 í 4. kafla vátryggingarskilmála sem fjallar um slysátryggingu í frítíma, en í umræddu ákvæði segir að félagið bæti ekki tímabundinn starfsorkumissi sem er minni en 50% af eðlilegri starfsorku.

**Álit.**

Samkvæmt gr. 3.1 í skilmálum slysátryggingarinnar greiðir félagið dagpeninga ef slys veldur tímabundnum missi starfsorku. Greiðast dagpeningarnir í hlutfalli við starfsorkumissinn frá lokum biðtíma svo lengi sem vátryggður er óvinnufær og eins og nánar greinir í ákvæðinu. Skv. ákvæði í gr. 3.2., sem áður getur, greiðir félagið á hinn bóginn ekki tímabundinn starfsorkumissi sem er minni en 50% af eðlilegri starfsorku. Í þessu felst að bætur takmarkast við það að starfsorkumissir M af völdum slyssins sé a.m.k. 50% á mælikvarða heilbrigðs og vinnufærs manns. Ekkert liggur fyrir á hvaða forsendum M hefur verið metinn til 75% örorku hjá TR. Engin gögn eru heldur um það í málinu við hvað M starfaði fyrir slysið, hver vinnugeta hans hafi þá nákvæmlega verið og hvernig sú vinnugeta fær samrýmst hinni metnu örorku hjá TR. Krafa M er vanrefið að þessu leyti og ekki studd nægilegum gögnum. Í ljósi þessa og með vísan til 3. mgr. 3. gr. samþykka fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, er máli þessu vísað frá nefndinni.

**Niðurstaða.**

Máli þessu er vísað frá.

Reykjavík, 10. júlí 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.